

CAVIUS 
WIRELESS 
 ALARM FAMILY
FLOOD
 ALARM

Tilvísunarnúmer: 5101-003
 Þróað af CAVIUS

**VINSAMLEGA LESIÐ
 NOTKUNARLEIÐBEININGAR
 ÍTARLEGA FYRIR NOTKUN
 OG GEYMIÐ TIL SEINNI
 NOTA!**

CAVIUS vatnsneminn er hannaður til að nema vatnsleka frá uppþvottavélum, þvottavélum, vatnslögnum eða vaskaskápum. Einnig er hægt að nota hann til að nema vatnsflóð í kjóllurum.

Tæknilegar upplýsingar:

Hámarksfjöldi samtengjanlegra nema innan húss er 32.

Vinsamlega athugið: Nemarnir verða að vera frá CAVIUS

WIRELESS 
 ALARM FAMILY

Fjarlægðin milli samtengjanlegra nema er háð skipulagi hússins og þá ætti alltaf að prófa eftir uppsetningu. Þó er ekki mælt með að fjarlægð milli nema fari yfir 10 m. milli tveggja nema.

Þvermál: 60mm. **Hæð:** 37 mm.

Neminn er spennufæddur með útskiptanlegri 3V CR123A Lithium rafhlöðu. Hægt er að skipta einu sinni um rafhlöðu, **eftir 10 ára notkun skal farga skynjaranum.**

MIKILVÆGT: Rétt virkni skynjarans er tryggð með notkun DURACELL, PANASONIC eða HUIDERUI rafhlöðu.

Samtenging með RF: 868MHz.

Samræmist stöðlum: RoHS, REACH, R&TTE (EN300-220-1 og 2), EMC tilskipun 2004/108/EC



1. UPPSETNING OG TENGING NEMA:


1. Opnið lok vatnsnemans með því að snúa rangsælis.



2. Fjarlægjið prufuhnapp/lok til að komast að rafhlöðunni og RF stillingarnappnum.




3. Byrjið á því að taka út rafhlöðueinangrunarræmuna eins og hér er sýnt.



Vinsamlega athugið: Miðann sem er á vörunni má alls ekki fjarlægja þar sem hann hefur að geyma mikilvægar upplýsingar varðandi vöruna.

Alla nema/skynjara sem tengja á saman innan húss þarf að stilla á „Learn Mode“ með því færa hnappinn sem er ofan á nemanum í „Learn Mode“ stöðu.




Rauða LED ljósið birtist til að gefa til kynna að „Learn Mode“ hafi verið valið.



Fjarlægjið ekki rafhlöðu á meðan „Learn Mode“ stendur þar sem það truflar ferlið.

Þrýstið niður og haldið prófunarhnappnum inni í einn viðvörunartón þar til bíp hjóð heyrst og LED ljós blikkar. Þessi nemi verður þá aðalneminn og mun byrja senda sérstaka húskóða til hinna nemanna.




Þegar hinir nemarnir móttaka þennan sérstaka húskóða mun LED ljós einnig byrja að blikka á þeim.




Þegar rautt LED blikkar á öllum nemum eru þeir tengdir og þá má taka þá úr „Learn Mode“ og setja þá upp.

4. Slökkvið á „Learn Mode“ með því að færa hnappinn sem er ofan á nemanum í „Normal Mode“ stöðu.



5. Komið lokinu/prófunarhnappnum aftur fyrir.




6. Festið lokið á með því að snúa réttssælis.



2. ÁKJÓSANLEGUSTU STAÐIR TIL AÐ SETJA UPP VATNSNEMA:

- Komið nemanum fyrir þar sem erfitt getur reynt að greina leka.
- Komið nemanum fyrir við þvottavél, uppþvottavél, í vaskaskáp eða í kjallara.

Komið nemanum fyrir þar sem auðvelt er að ná til hans til að prófa rafhlöðu nemans.




3. SVÆÐI ÞAR SEM EKKI SKAL KOMA FYRIR VATNSNEMA:

- Í lofti
- Á vegg (nema verið sé að notast við veggssökkul, sjá 5.hluta).
- Í rýmum þar sem hitastig fellur undir 0°C eða fer yfir 40°C.

Komið nemanum fyrir þar sem auðvelt er að ná til hans til að prófa rafhlöðu nemans.


4. STAÐSETNING:

Vatnsneminn er hannaður til að vera staðsettur á gólfi nálægt mögulegum upptökum leka.



ATHUGIÐ: Ef þú hefur komið nemanum fyrir á stað þar sem möguleg vatnshæð í leka getur farið yfir tvo cm er hætt á að vatnsneminn skemmist. Á slíkum stöðum mælum við með veggsockli með áföstum nema.

5. VIÐBÓTAR VEGGSÖKKULL MED ÁFÖSTUM NEMA:



ATHUGIÐ: Veggsockull með áföstum nema er aukahlutur fyrir vatnsnema. Hann þarf að kaupa aukalega.

Sökkullinn er til uppsetningar í kjallara þar sem hætt er á flóði eða svæðum þar sem aðgengi er erfitt.

Tryggið að neminn nái tilskilinni fjarlægð að gólfi eða ofan í niðurfall.



Uppsetning með límbandi:

1. Veljið hentugan stað. Tryggið að uppsetningarsvæðið sé stöðugt, þurr og ryk- og fitulaust. Tryggið að yfirborðið sé slétt. Þegar búíð er að koma sökklinum fyrir er ekki hægt að fjarlægja hann né færa.


2. Komið nemanum fyrir í sökklinum. Tryggið að nemanum hafi verið komið haganlega fyrir í sökklinum áður en sökkullinn er settur á vegginn.

3. Fjarlægjið verndarfilmina af límbandinu.

4. Komið sökklinum, með nemanum í, fyrir á veggnum og þrýstið vel.

5. Prófið skynjarann skv. meðfylgjandi leiðbeiningum.

Athugið: Þegar verið er að koma nemanum fyrir í sökklinum eða fjarlægja hann þarf að halda við sökkulinn.



Snúið nemanum þar til hann smellur inn og ekki hægt að snúa meira - þá er hann kominn í rétta stöðu

6. PRÓFUNARVIRKNI:

Eftir uppsetningu, og að lágmarki á ársfjórðungslega, skal prófa alla nema til að tryggja að þeir virki rétt og séu innan færiss við hvern annan.

Mælt er með athuga vikulega hvort LED ljós skynjarans blikki rétt (á 48 sek fresti).

Þrýstið á prófunarhnappinn á hvaða nema sem er fyrir 2 hljóðmerki 1 (- -) – Vinsamlega skoðið hluta 8.

Við þetta mun neminn senda frá sér prófunarkerki; allir aðrir tengdir nemar ættu að móttaka merkið innan skamms tíma. Nemamir munu þá gefa frá sér stutt „bíp“ og LED ljósið mun blikka á 8 sek. fresti í 2 mínútur.

ATH: Prófunarvirkni gerir einnig mögulegt að senda tömt RF merki til að tryggja ákjósanlegustu virkni við eðlileg skilyrði.

Þegar prófunarkerkið er sent út munu viðbrögð nemanna vera: Eitt „bíp“ á 8 sek. fresti sem gefur til kynna að nemamir séu tengdir og virki.

Ef þörf krefur er hægt að stöðva tilkynningu á hverjum nema fyrir með því að þrýsta stutt á prófunarhnappinn.

ÁBENDING: Óhætt er að hylja hljóðútgang hljóðgjafa með fingri meðan á prófun stendur til að draga úr hljóðstyrk.

Prófun vatnsleka virkni:

Til að prófa vatnslekavirknina skal staðsetja nemann á blautan klút og þá ætti hann að fara í viðvörunarham.

7. VENJULEG STAÐA:

Í venjulegri virkni blikkar LED ljósið á 48 sek. fresti til að sýna rétta virkni.

8. VIÐVÖRUNARHAMUR:

Vatnsleki er gefinn til kynna með röð endurtekinnna hljóða.

Vatnsneminn mun einnig senda viðvörunarkerki til annarra tengdra skynjara, sem munu þá einnig senda frá sér viðvörunarkerki eftir stutta stund.

Í CAVIUS Wireless Family eru tvö konar viðvörunarkerki: **Viðvörunarkerki 1** (--- --- ---) varar við lífshættu, t.d. reyk. **Viðvörunarkerki 2** (- - -) varar við atburð sem er ekki lífshættulegur, t.d. vatnsleka.

Reykvíðvörun: --- --- ---

Hitavíðvörun: --- --- ---

Vatnsleki: - - -

Kolmónoxíð lítið magn: - - -

Kolmónoxíð mikið magn: --- --- ---


Vinsamlega athugið að aðeins mun blikka LED ljós á þeim skynjara sem sendir viðvörunina svo auðveldara sé að nemann sem sendir boðin.

9. HLÉ/STÖÐVUN HLJÓÐGJAFI:

Hægt er að gera hlé / stöðva viðvörun um vatnsleka í 10 mínútur með því að þrýsta á prófunarhnappinn á þeim nema sem boðin koma frá (gefið til kynna með blikkandi LED ljósi, og eftir 10 mínútur tekur neminn aftur upp eðlilega virkni).

Ástæða þess að ekki er hægt að gera hlé / stöðva aðra nema, heldur aðeins þann sem boðin berast frá, er þitt eigið öryggi. Nauðsynlegt er að staðsetja upptök boðanna til að tryggja að þetta sé ekki ástand sem þarfnast athygli þinnar.

10. BÆTID VIÐ BÚNADI:



Öllum CAVIUS samtengjanlegum skynjurum innan **WIRELESS** ALARM FAMILY

er hægt að bæta við kerfið þar sem þeir ganga á sömu tíðni og notast

við sömu samskiptareglur. Þetta þýðir að þráðlaust kerfi getur verið samsett af reyk-, hita- og vatnsskynjurum.

Setjið alla skynjara í „Learn Mode“ og endurtakið skref 1.

Þegar búið er að bæta við búnaði skal alltaf prófa tengingu við annan búnað með því að endurtaka skref 6 um prófunarvirkni.

11. MERKI UM LÁGA HLEÐSLU RAFHLÖÐU:

Varan er með 5 ára rafhlöðuendingu. Þegar hleðsla rafhlöðu byrjar að lækka heyrst stutt „bíp“ hljóð á 48 sekúndna fresti næstu 30 daga.

Aðeins skynjarinn sem er með lága hleðslu gefur frá sér hljóð, ekki annar búnaður sem tengdur er við hann.

Óhætt er að skipta út rafhlöðu í búnaðinum án þess að fara þurfi aftur í lærdómsham – skynjarinn gleymir ekki kóðunum meðan á rafhlöðuskriptum stendur.

12. RAFHLÖÐUSKIPTI:

Til að skipta um rafhlöðu, takið lokið af vatnsnemanum með því að snúa rangsælis.

Farið varlega með skautin þegar verið er að skipta um rafhlöðu. Komið prófunarhnappinum aftur fyrir, festið lokið aftur á með því að snúa réttisælis, og prófið nemann.



13. BILANAGREINING:

Ef merki skynjarans er lélegt eða veikt, skal koma vatnsnemanum fyrir á öðrum stað.

Ef vatnsneminn virkar ekki þegar þrýst er á prófunarhnappinn eða þegar hann er prófaður með rökum klút, er líkleg skýring biluð rafhlaða. Athugið hvort rafhlaða er slitin eða blaut og skiptið um hana. **ÁVALLT SKAL PRÓFA NEMANN EFTIR RAFHLÖÐUSKIPTI.**

Ef vandamálið er enn til staðar, farið á www.cavius.com fyrir frekari bilanagreiningu.

14. AÐRAR UPPLÝSINGAR:

Málið ekki skynjarann.

Förgun: Vinsamlega fargið bæði rafhlöðu og vörunni sjálfri á viðeigandi hátt þegar notkun lýkur. Bæði skynjari og rafhlaða er

rafmagnsúrgangur og hann ætti að endumýta.

CE táknið sem þessi vara fær, staðfestir að farið hafi verið eftir þeim evrópsku tilskipunum sem eiga við vöruna.



Allur réttur áskilinn: CAVIUS Aps tekur enga ábyrgð á villum sem finna mætti í þessari handbók. Ennfremur áskilur CAVIUS Aps sér rétt til að breyta vélbúnaði, hugbúnaði og/eða sérstökum upplýsingum í handbókinni hvenær sem er án fyrirvara, og CAVIUS Aps skuldbindur sig ekki til að uppfæra þær upplýsingar sem hér er að finna. Öll vörumerki sem hér eru upptalin eru í eigu viðkomandi eigenda. Höfundarréttur © CAVIUS Aps.

Þróað af CAVIUS Aps Julsvøvej 16, DK-8600 Framleitt í Kína.